



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Laugavegur 24
105 Reykjavík, Ísland

Tel. (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnuni@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavíkurborg
Salvör Jónsdóttir,
sviðsstjóri
Skúlatúni 2
105 Reykjavík

Reykjavík, 13. júní 2006
Tilvísun: UST20060200081/óaj

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024. Vatnsmýri – austursvæði

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar dags. 10. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um fyrirbyggjandi drög að tillögu að breytingu á framangreindu aðalskipulagi.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagstillöguna.

Hljóðvist

Í fyrsta viðauka með drögum að aðalskipulaginu kemur fram að hljóðmengun hafi verið kortlögð á flugvallarsvæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar hefði verið eðlilegt að sýna hávaðakortið í aðalskipulaginu sem og dreifireikninga fyrir hljóðstig við flugbrautarenda, enda nauðsynlegt að upplýsa almenning, umsagnaraðila sem og aðra er að málinu koma um niðurstöður hávaðamælinga á svæðinu. Hvað varðar viðunandi hljóðstig fyrir kennslustofur og nemendaíbúðir bendir Umhverfisstofnun á að í stað þess að reiða sig á samdrátt eða stýringu á æfinga- og kennsluflugi og öðru einkaflugi er nauðsynlegt að gerðar verði í kröfur í skipulagi um nægjanlega einangrun húsa til að tryggja ásættanlegt hljóðstig innanhúss.

Göngu- og hjólreiðastígar

Í fyrirhugaðri breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur kemur fram að staðbundin áhrif uppbyggingar á „HR“svæðinu, gætu leitt til um 10 þúsund bíla sólarhrings umferðar árið 2015 og 15-20 þúsund bíla umferðar þegar til lengri tíma er litið. Umhverfisstofnun bendir á nauðsyn þess að þegar endurskipuleggja á svæði eins og hér um ræðir sé tekið tillit til vistvænna ferðamáta, t.d. hjólreiða. Í fyrirhugaðri breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur kemur hvergi fram hvernig standa eigi að uppbyggingu hjólreiðastíga og göngustíga á svæðinu. Að mati stofnunarinnar er nauðsynlegt að fram komi í skipulagi metnaðarfull tillaga um tengingu hjólreiðastíga og göngustíga við önnur hverfi borgarinnar.

Grunnvatn


Umhverfisstofnun bendir á að í skýrslu Verkfræðistofunnar Vatnaskila um grunnvatn á vatnasviði Reykjavíkflugvallar (mars 1996) kemur fram að rennslisstefna grunnvatns frá fyrirhuguðum stúdentagörðum liggur um Vatnsmýrina og niður að Tjörninni. Reiknuð meðalhæð grunnvatns er rétt rúmlega 10 m y.s. Umhverfisstofnun bendir á að Tjörn og Vatnsmýrin er á náttúruminjaskrá (nr. 120). Í skránni segir um svæðið:

Tjörnin og Vatnsmýrin, Reykjavík. (1) Tjarnir allar með hölmum og bökkum. Vatnsmýrin milli Hringbrautar, Norræna hússins og Háskólavallar, sem nú er bílastæði. (2) Mikið fuglalíf, varpland í miðri borg. Vinsælt útivistarsvæði.

Umhverfisstofnun bendir á að nauðsynlegt er að framkvæmdirnar skerði ekki vatnsbúskap Vatnsmýrinnar og Tjarnarinnar og að lífríki svæðisins verði áfram tryggt. Því telur stofnunin að fylgjast eigi með streymi grunnvatns um framangreint svæði og að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir til að tryggja nægilegt grunnvatnsstreymi til þess. Á framkvæmdatíma er nauðsynlegt að gæta að hugsanlegum mengunarvöldum t.d. olíum, til að lágmarka hugsanleg neikvæð áhrif á framangreint svæði.

Stofnunin biðst velvirðingar á því að dregist hefur að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Sérfræðingur


Helgi Jónsson
Forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun